

Íslensk bókmentafrægð.

Pýskur fræðimaður segir frá því í merku tímariti þarlendu, hvernig hann hefir i 109 ára gömlum tímaritsárgangi fundið, að til hefir verið rithöfundur, sem hjet Strulasin, en að fornafni Snorro. Ekki er getið um, hverrar þjóðar hann hafi verið, en rit eftir hann heitir Heims Kringla, og er prentað í Stokkhólmi 1679. Þykir grein- arhöfndi, sem von er, bókin fróðleg. Vitanlega er nafnið Strulasin tilbúið af setjara, en alt nægir þetta samt til að sýna, hve mjög mikil skortir á að frægasti -rit- höfundur íslenskur sje, jafnvel í Pýskalandi, eins kunnur og þyrfti, eða Heimskringla, sem á þó sennilega engan sinn líka í söguritum þjóða, og hefir suma kosti fram yfir jafnvel hin frægstu sögurit Grikkja og Rómverja.

8. des.

Helgi Pjeturss.

11/61. / 3 des '28

Jóhannes Kjartansson.

Nokkur minningarorð.

Fáa unga menn hefi eg þeckt, sem mér virtist jafn líklegir til góðra hluta og Jóhannes Kjartanson. Og engin ljón, sem síður virtist makleg til að bíða svo sáran missi, en frú Sigridi og síra Kjartan. Jóhannes var norrænn og íslenskur atgervismaður, andlega og líkamlega, og alt hans yfirbragð lýsti ágætum dreng. Hann var hetjuduglegur, og fullur af áhuga á að vinna gagn, og maður, sem ekki mundi nota neina þá aðferð til að komast áfram, sem ekki væri örðlingi samboðin.

Svo herfileg tíðindi heyra til hinni illu viðburðarás, sem svo mikil þörf er á að fá breytt. Og danið þessa ágætlega íslenska efnismanns, er glögg bænding um það, hvernig verða mundi framtíð hinnar íslensku þjóðar, ef ekki yði unt að koma þeiri breytingu fram. Fyrir öllu því mundi verst fara, sem best væri og mest vert.

29. jan.

Helgi Pjeturss.

31.1.28 11'55.